

Áfangalýsing.

Heiti áfanga: ENSK3CC05

Titill: Bókmenntir, munnleg og skrifleg virkni.

Staða áfanga: Áfanginn er þriðji kjarnaáfangi á öllum brautum.

Undanfarar: ENSK2BB05/ ENSK2BH05

Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga: Alla áfanga í ensku sem hafa D í áfangaheiti.

Stutt lýsing á efni áfangans: Áhersla er áfram lögð á að efla nákvæman skilning. Nemendur vinna með og þjálfa krefjandi orðaforða sem hjálpar þeim að skilja flókna og fjölbreytta texta. Nemendur vinna einnig með bókmenntaverk sem dýpka enn skilning þeirra á orðgnótt enskrar tungu og menningu enskumælandi þjóða. Ritun nemenda endurspeglar þessar áherslur og sýnir að þeir hafa náð valdi á grunnfærniþáttum tungumálsins.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Víðtækur krefjandi orðaforði, rökræður á ensku, skilningur daglegs máls, lipurleg beiting mismunandi málsniða, ritun rökfærsluritgerða, framsögn, gagnrýninn lestur.

Námsmat: Munnleg og skrifleg verkefni, smápróf, ritun, ástundun og lokapróf.